

## 5. stjórnarfundur EBAK haldinn kl. 15 þ. 11. júní 2024

Mættir voru: Karl Erlendsson, Valgerður Jónsdóttir, Brynjólfur Ingvarsson, Þóra Hjaltadóttir, Margrét Alfreðsdóttir og Margrét Marvinsdóttir, á Teams var Björn Snæbjörnsson og forföll tilkynntu Karl Guðmundsson, Sigurður Harðarson og Fjóla Sigurðardóttir.

Tvö mál voru á dagskrá; 1, húsnæðismál EBAK og 2, byggingarmál félagsins.

### 1. Húsnæðismál EBAK

Unnið hefur verið ötullega að því máli. Verið er að kanna hjá fjárfestingarfélögum um kaup á húsnæði og hvernig best væri fyrir félagið að taka þátt í því. Fundur með stjórn verður haldinn um leið og mál skýrast.

### 2. A. Um búsetumál fyrir eldri borgara

Lífsgæðakjarnar, Guðmundur Magnússon heilsuverkfræðingur hefur kynnt sér vel hvernig Danir vinna að slíkum málum. KJARNINN ER HJÚKRUNARHEIMILI, ÞJÓNUSTUÍBÚÐIR OG ÍBÚÐIR FYRIR ELDRA FÓLK OG ÞETTA ER ER ENDANLEG BÚSETA FÓLKS. Samþykkt var að fá hann á fund til okkar í ágúst til frekari kynningar.

B. Teitur hjá Heilsuvernd mun koma á fund hjá húsnæðisnefnd á morgun til umræðna um búsetumál fyrir eldri borgara við Þursaholt. Rætt er um að stofna óhagnaðardrifið félag vegna þessa.

#### Önnur mál:

Þóra Hjaltadóttir sagði frá LEB fundi sem haldinn var nýverið. Farið er að huga að næsta landsfundi. Tveir staðir koma til greina, Keflavík og Akureyri.

Öldungaráðin munu halda ráðstefnu í haust.

Húsnæði LEB í Ármúla 6 er bágborið, verið er að skoða aðra möguleika.


Áhugi er á að framlengja verkefnið Bjartur lífsstíll.

Fyrirspurn Sigurðar Harðarsonar um niðurfellingu persónuafsláttar fyrir Íslendinga búsetta erlendis var tekin fyrir en ekki afgreidd.

Ítrekuð var beiðni um fund hjá fjármálaráðherra með stjórn LEB.

Næsti fundur er boðaður þ. 8. ágúst kl.. 15, fundi slitið kl. 15.55.

Valgerður Jónsdóttir ritari.

  
The image shows six handwritten signatures in blue ink, arranged in two columns. The left column contains three signatures: 'Þóra Hjaltadóttir' at the top, followed by 'Karl Erlendsson' and 'Brynjólfur Ingvarsson' stacked vertically. The right column contains three signatures: 'Margrét Alfreðsdóttir' at the top, followed by 'Valgerður Jónsdóttir' and 'Margrét Marvinsdóttir' stacked vertically. The signatures are cursive and written in a dark blue ink on a white background.